

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/657/EB frá 11. október 2007 um rafrænt net opinberra kerfa til miðlægrar geymslu upplýsinga sem reglur kveða á um og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 42. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/384/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„43. **32007 H 0657**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/657/EB frá 11. október 2007 um rafrænt net opinberra kerfa til miðlægrar geymslu upplýsinga sem reglur kveða á um og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB (Stjtið. ESB L 267, 12.10.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2007/657/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 20, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 267, 12.10.2007, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.